



Building a better  
working world

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

Tel: +00 354 595 2500  
Fax: +00 354 595 2501  
e-mail: ey@ey.is  
ey.is

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

20. maí 2020

## Umsögn EY um drög að reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda og Reglur um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu

Fyrir hönd Ernst & Young ehf. vil ég koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

### Ákvörðun lágmarksfjárhæða

Í 2. gr. að drögum um reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda segir orðrétt :

*„Endurskoðendaráð setur reglur um lágmarksfjárhæðir starfsábyrgðartryggingar.“*

Í ljósi þeirra draga sem búið er að gera að Reglum um fjárhæð váttryggingarsamninga þá er eins og það sé verið að gera ráð fyrir að umrædd heimild takmarkist við ákvörðun 3 grunnfjárhæða.

Í 4. gr. að drögum um reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda segir orðrétt :

*“... Skulu þá lágmarksfjárhæðir samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu. hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.”*

Orðinu “a.m.k.” virðist vera ofaukið nema það sé verið að gera ráð fyrir að Endurskoðendaráð geti ákveðið að hækkunin nemi hærri prósentu í þeim reglum sem það setur. Reglurnar minnst hins vegar ekki á þessa hækkun og eins og orðalag greinarinnar er virðist ekki vera gert ráð fyrir að þetta geti verið hluti af þeirri skyldu Endurskoðendaráðs að ákvarða lágmarksfjárhæðir starfsábyrgðartryggingar.

EY myndi telja eðlilegra að það væri hluti af skyldum Endurskoðendaráðs að ákveða í sínum reglum hver hækkunin ætti að vera þegar endurskoðendur starfa fleiri en einn.

Þegar talað er um hækkun um „10% fyrir hvern endurskoðanda“ er væntanlega verið að meina að t.d. þar sem 5 endurskoðendur vinna saman sé sameiginleg heildarfjárhæð tryggingabóta 50 mkr. + 20 mkr. (50 mkr \* 4 \* 10%), eða 70 milljónir króna, eða bætur vegna einstaks tjóns séu 20 mkr. + 8 mkr. ( 20 mkr. \* 4 \* 10), eða 28 milljónir króna.

Það má velta fyrir sér hvernig hagsmunum neytenda sé best borgið. Það endurskoðunarfyrirtæki sem er með flesta endurskoðendur er með ríflega 50 endurskoðendur. M.v. 50 endurskoðendur yrði sameiginleg lágmarks heildartryggingarþekja 295 milljónir og lágmarks tryggingarþekja einstakra tjóna



**Building a better  
working world**

118 milljónir. Á haus eru þetta 5,9 milljónir og 2,36 milljónir. Það má alveg velta því fyrir sér hvaða vísindi eru á bak við 10% hækkun um hvern endurskoðanda, hvort það sé eðlilegt að lágmarks tryggingarþekja stærstu endurskoðunarfyrirtækja landsins sem þjóna stærstu fyrirtækjum landsins nemi í mesta lagi mánaðarveltu?

Í reglum um lágmarksfjárhæðir eru 3 fjárhæðir tilgreindar. Lágmarksfjárhæð fyrir einstakt tjónsatvik, heildarfjárhæð váttryggingarbóta innan hvers árs og hámark eigin áhættu váttryggingartaka.

Við gerum athugasemd við það að fjárhæð eigin áhættu váttryggingartaka skv. 2 gr. skuli ekki taka sömu vísitölubreytingum og lágmarksfjárhæðir váttryggingarbóta skv. 1. gr.

### **Váttryggingarskilmálar**

9. gr. heitir „Kynning váttryggingarskilmála“. Þar segir orðrétt :

*„Allir váttryggingarskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu kynntir fyrir endurskoðendaráði áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.“*

Hérna verður að gera alvarlega athugasemd.

Í fyrsta lagi er hvergi í lögum um endurskoðendur að finna ákvæði sem gefur Endurskoðendaráði heimild til að skipta sér af váttryggingarskilmálum að öðru leyti en því að það hefur skv. 8. gr. laga um endurskoðendur þá skyldu að setja reglur um lágmarksfjárhæð tryggingar og hámark eigin áhættu váttryggingartaka. 8. gr. laga gerir það skýrt að það er váttryggingartaka að senda endurskoðendaráði staðfestingu þess að hann hafi gilda starfsábyrgðartryggingu, ekki váttryggingarfélagsins.

Þetta er eðlilegt m.a. í ljósi þess sem segir í 1 mgr. 8. gr. laga um endurskoðendur, um að kaupa þurfi trygginguna hjá váttryggingarfélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi. Þetta þurfa m.ö.o. ekki að vera tryggingarfélag sem eru með starfsstöð á Íslandi. Váttryggingarfélag og starfsemi þeirra lýtur eftirliti FME og viðeigandi eftirlitsaðila í hverju landi, og heimild þeirra til að veita sína þjónustu verður ekki skert með reglugerðarákvæði eins og þessu sem ekki á sér neina lagaheimild.

Ákvæðið sjálft er líka mjög óljóst. Það talar bara um kynningu. Það segir ekkert um að Endurskoðendaráð þurfi að samþykka skilmálana, enda ekki að sjá að nein lagaheimild sé til að gefa Endurskoðendaráði slíkt vald.

Á það má líka benda að váttryggingarsamningur er einkaréttarlegur samningur milli tveggja einkaaðila sem að því frátöldu sem fram kemur í 8. gr. laga um endurskoðendur á ekkert erindi við Endurskoðendaráð.

Virðingarfyllst



Sigurður Jónsson

löggiltur endurskoðandi